

## YFIRLÝSING UM AÐILASKIPTI

Yfirlýsing þessi er til komin vegna kaupa Jórvíkur fasteigna ehf., kt. 560721-0210, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („**Jórvík**“) á jörð í eigu Akurhóla ehf., kt. 421216-0370, Austurvegi 38, 800 Selfoss („**Akurhólar**“).

Undirritaðir aðilar eru sammála um að Jórvík taki yfir öll réttindi og allar skyldur Akurhóla gagnvart Sveitarfélaginu Árborg, kt. 650598-2029 („**sveitarfélagið**“), samkvæmt samkomulagi sem Akurhólar og sveitarfélagið gerðu með sér 13. ágúst 2020 („**samkomulagið**“).

Fyrirhuguð dagsetning aðilaskiptanna er þegar kaupsamningur um um téða jörð hefur verið undirritaður af Jórvík og Akurhólum (nefnist sá dagur hér eftir „**yfirtökudagur**“). Stefnt er að því að það verði 17. september 2021, þó eigi síðar en 24. september 2021. Mun Jórvík samhliða því gerast aðili að samkomulaginu í stað Akurhóla.

Með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa samþykkir sveitarfélagið að Jórvík gerist aðili að samkomulaginu frá og með yfirtökudegi og njóti frá þeim tíma allra réttinda og beri allar skuldbindingar samkvæmt samkomulaginu. Undirritun sveitarfélagsins skal einnig túlka sem samþykki sveitarfélagsins fyrir heimild Akurhóla til að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt 11. gr. samkomulagsins. Skulu Akurhólar tilkynna sveitarfélaginu með sannanlegum hætti um að yfirfærsludagur hafi átt sér stað og hvenær hann var, svo fljótt sem auðið er.

Selfoss, . september 2021

F.h. Jórvíkur fasteigna ehf.

F.h. Akurhóla ehf.

\_\_\_\_\_

Bent Larsen Fróðason

\_\_\_\_\_

Bent Larsen Fróðason

\_\_\_\_\_

Snorri Sigurðsson

\_\_\_\_\_

Snorri Sigurðsson

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

\_\_\_\_\_

Gísli Halldórsson

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_